

## AUGLÝSING

### um breytingu á samningi um Norræna fjármögnunarfélagið á sviði umhverfisverndar (NEFCO).

Hinn 14. desember 2016 var í Helsinki gerður samningur um breytingar á samningi um Norræna fjármögnunarfélagið á sviði umhverfisverndar (NEFCO) sem gerður var í Helsinki 6. nóvember 1998, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1999 þar sem samningurinn frá 6. nóvember 1998 er birtur.

Samningurinn um breytingarnar öðlaðist gildi 15. júní 2017 og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 3. mars 2021.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Martin Eyjólfsson.*

#### **Fylgiskjal.**

#### SAMNINGUR UM BREYTINGAR Á SAMNINGI milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjármögnunarfélagið á sviði umhverfisverndar (NEFCO)

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar (hér á eftir nefnd „samningsaðilarnir“) vilja, sem lið í norrænu samstarfi á sviði umhverfismála, þróa möguleg samlegðaráhrif milli Norræna fjármögnunarfélagsins á sviði umhverfisverndar (NEFCO) og annarra fjárfestinga-gerninga og stofnana, og bregðast við óskum um að þróaðar verði hagkvæmar fjárfestingaráætlanir í og utan Austur-Evrópu. Samningsaðilarnir hafa því orðið sammála um að breyta samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjármögnunarfélagið á sviði umhverfisverndar (NEFCO) (hér á eftir nefndur „NEFCO-samningur“) sem hér segir:

#### 1. gr.

Fyrstu málgrein 1. gr. í NEFCO-samningnum skal breytt sem hér segir:

„Norræna fjármögnunarfélagið á sviði umhverfisverndar (NEFCO), hér á eftir nefnt „félagið“, hefur það hlutverk að stuðla að auknum fjárfestingum, sem samrýmast norrænum umhverfisverndar-hagsmunum, aðallega í Austur-Evrópu.“

#### 2. gr.

Samningur þessi um breytingar á NEFCO-samningnum skal fullgiltur, staðfestur eða samþykktur af samningsaðilunum. Samningurinn öðlast gildi 30 dögum eftir að allir samningsaðilarnir hafa komið skjölum sínum til fullgildingar, staðfestingar eða samþykktar í vörslu hjá finnska utanríkisráðuneytinu.

Finnska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum samningsaðilunum um afhendingu skjala til fullgildingar, staðfestingar eða samþykktar og um dagsetningu gildistöku samningsins um breytingar á NEFCO-samningnum.

Samningur þessi um breytingar á NEFCO-samningnum skal vera í vörslu finnska utanríkisráðuneytisins sem skal senda staðfest eftirrit til allra samningsaðilanna.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar samningsaðilanna fimm, sem til þess hafa fullgilt umboð, undirritað samning þennan um breytingar á NEFCO-samningnum.

Gjört í Helsinki 14. desember 2016 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.